**Online-krækja:** www.kla.tv/8311 | **útgáfudags:** 18.05.2016

# „Panama skjölin“- Alþjóðlegir hagsmunir gera fjölmiðlaatlögu




**„Panama skjölin“- Alþjóðlegir hagsmunir gera fjölmiðlaatlögu (3 spurningar)
Þessa dagana eru hin svokölluðu „Panama skjöl“ í fyrirsögnum alþjóðapressunnar. Um er að ræða uppljóstrun aldarinnar í umsjón Suður-Þýska blaðsins „Süddeutsche Zeitung“ sem birtir nöfn meintra skattsvikara út um allan heim. Þeir eiga að hafa falið peninga í gegnum svokölluð skúffufyrirtæki í Panama.**

„Panama skjölin“- Alþjóðlegir hagsmunir gera fjölmiðlaatlögu (3 spurningar)
Þessa dagana eru hin svokölluðu „Panama skjöl“ í fyrirsögnum alþjóðapressunnar. Um er að ræða uppljóstrun aldarinnar í umsjón Suður-Þýska blaðsins „Süddeutsche Zeitung“ sem birtir nöfn meintra skattsvikara út um allan heim. Þeir eiga að hafa falið peninga í gegnum svokölluð skúffufyrirtæki í Panama. Þetta á við náið vinafólk Pútins Rússlandsforseta, Assad Sýrlandsforseta sem og frægra íþróttamanna o.s.frv. Suður-Þýska dagblaðið tilkynnir að þessar uppljóstranir hafi verið „nákvæmlega undirbúnar“ og þeim síðan verið dreift undanfarna daga með öllum tiltækum markaðbrellum. Því sem í fyrstu virðist vera meistaratilburðir uppljóstrunarblaðamennsku varpa við nánari skoðun upp stórum spurningum. T.d:
1. Nákvæmlega hver hjálpaði Suður-Þýska blaðinu við þennan margrómaða „nákvæma undirbúning“?
2. Hvers vegna birtast engin nöfn þýðingarmikilla vestrænna stjórnmálamanna og fyrirtækjasamsteypa?
3. Hver stendur á bak við allar upplýsingarnar, hver er heimildin sem „Süddeutsche Zeitung“ styður sig við?
Við byrjum á fyrstu spurningunni og nálgumst þarmeð líka seinni spurningarnar tvær.
Panama skjölin innihalda rúmlega 3,6 terabæt dulkóðaðra gagna frá lögfræðiskrifstofunni Mossack Fonseca í Panama. Yfir margra mánaða tímabil hafa þessar milljónir skjala verið metnar með svokallaðri „blaðamannaúrvinnslu“ alþjóðlegs rannsóknarnets sem kallast ICIJ – The International Consortium of Investigative Journalists /Alþjóðleg miðstöð rannsóknarblaðamanna. ICIJ eru blaðamannasamtök sem heyra undir hin bandarísku samtök Center for Public Intergrity (CPI) sem eru bandarrísk samtök ótengd ríkisstjórn – gjarnan nefnd NGO. CPI er styrkt af eftirfarandi NGO:

-Rockerfeller Family Fund
-Open Society Foundation Bandaríska milljarðamæringsins George Soros
-Hinni bandarísku Ford Foundation
-Carnegie Endowment
-W.K. Kellogg Foundation

Alþekkt er að þessi NGO eru aðallega vestræn, sem þýðir að þau eru alþjóðleg og fulltrúar bandarískra hagsmuna. Eins er alkunna að þau hafa að undanförnu staðið fyrir byltingum í ýmsum löndum, fjármagnað þær og þar með hrundið á stað stríði út um allan heim. Í þessu samhengi hvetjum við ykkur eindregið að sjá heimildarmyndina „Demokratie-missionare als

Todesengel" eða Lýðræðistrúboðar, englar dauðans". Craig Murray sem er fyrrum diplomat og mannréttindaraðgerðarsinni kom þessu á punktinn þann 4. apríl 2016 þegar hann sagði að ICIJ séu ekki óháð vegna fjármögnun þessara fyrrnefndu stofnana. Hann sagðist því ekki reikna með neinni ... tilvitnn hefst „ [...] vægðarlausri opinberun vestræns kapítalisma. Hin skítugu leyndarmál vestrænna fyrirtækja munu áfram verða okkur hulin [...]" tilvitnun lýkur.

Þarmeð nálgumst við hinar spurningarnar tvær. Ef við skoðum þá sem dyljast bak við tjöld þessarar uppljóstrunar aldarinnar Süddeutsche Zeitung - báða Panamalekana - hlýtur að koma í ljós markviss áróður, fjármagnaður af vestrænu elítu-netverki. Þetta útskýrir afhverju „Panamaskjölin" búa ekki yfir neinum nöfnum mikilvægra vestrænna stjórnmálamanna eða stórfyrirtækja eins og Süddeutsche Zeitung gengur úr skugga um. Og það þrátt fyrir að fjármálasérfræðingar viti að lögræðileg þjónusta Mossack Foseca sé notuð af stærstu ofurfyrirtækjum í kauphöllum heimsins enda fjórða stærsta útungunarvél veraldar fyrir aflandsfyrirtæki.

Því eru Panamskjölin fyrst og fremst atlaga fjölmiðla að rússnenska forsetanum Wladimir Putin sem hataður er af vestrænum öflum (raunar er hvergi minnst á hann sjálfan); atlaga að sýrlenska forsetanum Assad og íslenska forsætisráðherranum Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni sem hefur nú þegar þurft að láta af störfum vegna þessa máls. Sigmundur fylgdi vilja íslensku þjóðarinnar, dró til baka umsókn Ísland í ESB og kallaði þannig fram gremju vestrænna ríkisstjórna yfir sig. Eftir 2008 hefur Ísland líka sýnt fram á að maður getur látið banka einfaldlega fara á hausinn í stað þjóðarinnar og krafið þá sem ábyrgðina bera til að bera sína ábyrgð. Eitt dæmi sem að mati elítu heimsvaldasinna þykir síst eftirbreytnivert. Og nú að lokum að 3. spurningunni: Hver er heimildin sem afhenti Süddeutsche Zeitung Panamaskjölin? Dagblaðið heldur uppljóstrara sínum nafnlausum og það eina sem blaðið gefur upp er: „Heimildamaðurinn fullyrti að drifkrafturinn að baki uppljóstruninni væri siðferðislegur." „Ég vil að þessi afbrot verði gerð opinber" sagði hann við Süddeutsche Zeitung. Því má draga þá ályktun að þessi persóna haf engan áhuga á að uppljóstra um glæpi vestrænna stjórnmálamanna og stórfyrirtækja.

**eftir ss.**

## Heimildir:

http://panamapapers.sueddeutsche.de/

http://www.sueddeutsche.de/politik/panama-papers-haeufige-fragen-zu-panama-papers-und-antworten-1.2935507

http://www.publicintegrity.org/about/our-work/supporters

http://www.craigmurray.org.uk/archives/2016/04/corporate-media-gatekeepers-protect-western-1-from-panama-leak/

https://deutsch.rt.com/gesellschaft/37603-panama-leak_wie-gatekeeper-mainstreammedien--prozent/

http://www.sueddeutsche.de/politik/europaeische-union-island-zieht-beitrittsantrag-zurueck-1.2391592

## Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:

---

## Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálsar – óháðar – óritskoðaðar ...

- ➔ það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- ➔ fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- ➔ reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

**Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið þitt færðu hér:** **www.kla.tv/abo-is**

## Ábending öryggisins vegna:

Mótraddir eru því miður æ oftar þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tilliástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

**Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér:** **www.kla.tv/vernetzung&lang=is**

*Licence:* *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í.
Stofnunum reknum af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.